



Nafn foreldris/forsjáraðila:	Kennitala foreldris/forsjáraðila:
Heimilisfang:	Póstnúmer:
Nafn barns :	Kennitala barns:
Ástæða forgangs og upptalning fylgiskjala:	

Dagsetning og staður

_____*

Undirskrift foreldris/forsjáraðila

Undirskrift leikskólastjóra þegar sótt er um starfsmannaforgang

* Með undirritun umsóknar þessarar samþykki ég hér með að skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar kynni leikskólastjóra þess leikskóla, sem barnið fær pláss í, öll þau gögn sem fylgja umsókn um forgang barns míns í leikskóla vegna fötlunar eða langvarandi veikinda.

Samkvæmt reglum um leikskólaþjónustu má sækja um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 4 – 5 ára

II. Fatlaðra barna og barna með alvarlega þroskafrávik

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- Alvarleg veikindi eða fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- Príbúrar.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Liðir I. , II. og III. hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við 12 mánaða aldur.